

# 12. FUNDARGERÐ - STJÓRNARFUNDUR FÍN 2022-2023

06. MARS 2023, KL. 11:15 – 12:45 FJARFUNDUR OG STAÐFUNDUR

## MÆTT VORU:

Anna Berg Samúelsdóttir, Bragi Bergsson, Berglind Ósk Alfreðsdóttir, Björg Helgadóttir, Guðrún Nína Petersen, Jón Már Halldórsson, Kristín Hermannsdóttir, Margrét Geirsdóttir, Marianna H. Helgadóttir, Sigvaldi Thordarson, Stefán Már Stefánsson, Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Svava S. Steinarsdóttir, Una Bjarnadóttir og Þorkell Heiðarsson.

Gestur: Andri Valur Ívarsson, lögfræðingur BHM undir lið 3.

Fundarritari: Stella Hrönn Jóhannsdóttir

## FUNDARGERÐ:

Formaður setti fund kl. 11:21.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerð síðasta fundar frá 20. febrúar 2023

**Afgreiðsla:** Frestað.

#### 2. Nýir félagsmenn

Alls sóttu 10 aðilar sóttu um fulla aðild að FÍN.

**Afgreiðsla:** Samþykkt.

#### 3. Beiðni um greiðslu lögfræðikostnaðar

AVÍ kom inn á fundinn. Umrætt mál var kynnt á 11. fundi stjórnar FÍN þann 20. febrúar 2023. AVÍ fór yfir málsatvik og telur mikilvægt að láta reyna á það hvort staðfest orsakatengsl séu á milli þeirra einkenna sem félagsmaður glímir við og þess eineltis sem hún varð fyrir á vinnustað sínum.

Ekki er verið að fara með eiginlegt eineltismál fyrir dómstóla þar sem það er óumdeilt að viðkomandi varð fyrir einelti, heldur er verið að sækjast eftir viðurkenningu á orsakasamhengi milli eineltis og varanlegra líkamlegra einkenna þess sem fyrir eineltinu varð og sækja skaðabætur vegna þess skaða sem eineltið hefur valdið.

Um er að ræða mál sem er einstakt og gæti verið fordæmisgefandi fyrir aðra aðila. Almennt samþykkir stjórn ekki málarekstur vegna eineltis. Í ljósi þessa máls og hvernig það er

uppbyggt leggur formaður FÍN til að stjórn tryggi félagsmanni skaðleysi af málsókn gegn því að jákvæð niðurstaða komi um beiðni félagsmanns um gjafsókn. Verði gjafsókn hafnað mun stjórn FÍN taka málið upp að nýju og ákveða hvort málinu verði fram haldið.

**Afgreiðsla:** Samþykkt.

#### 4. Rekstraráætlun FÍN 2023 - Uppfærð

Breytingar voru kynntar sem gerðar hafa verið á framlagðri rekstraráætlun og stjórnarmenn beðnir um að kynna sér uppfærða rekstraráætlun á milli funda.

**Afgreiðsla:** Frestað

#### 5. Undirbúningur aðalfundar FÍN

Lagt er til að félagsgjöld verði óbreytt frá því sem nú er.

**Afgreiðsla:** Samþykkt.

#### 6. Undirbúningur aðalfundar BHM

Lagður var fram listi frá framboðsnefnd BHM um laus embætti í stjórnnum og nefndum BHM á aðalfundi BHM og hvenær framboðsfrestir renna út. Aðalfundur verður haldinn 25. maí 2023.

Stjórn FÍN þarf að taka afstöðu til þess hvort og þá í hvaða embætti innan BHM félagið eigi að tilnefna fulltrúa. Skoðað verður tilnefningar í sjóði BHM á næsta fundi stjórnar og önnur embætti BHM á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund FÍN.

#### 7. Önnur mál

- a) Næsti fundur 20. mars 2023 á *TEAMS*, en aukafundur boðaður verði ástæða til þess.

Endurskoðendur munu fara yfir ársreikninginn og gefa færi á umfjöllun og athugasemdum. Mjög mikilvægt er að allir stjórnarmenn verði viðstaddir fundinn og undirriti ársreikninginn rafrænt á þeim degi sem undirritun skal fara fram.

**Afgreiðsla:** Samþykkt.

- b) GNP hrósaði MHH fyrir að halda stjórn FÍN upplýstri um gang mála í samningaviðræðum BHM, BSRB og KÍ við ríki, borg og sveitarfélög.

GNP benti á að stuttur tími er til stefnu til að landa kjarasamningi þannig líkur á að samningur taki við að samningi fari þverrandi. Hún minnti jafnframt á að 1. maí nálgast óðfluga og enginn hefur verið látinn vita um niðurstöðu hvað varðar frestun fyrningu orlofs. Starfsfólk er því að reyna að taka út það orlof sem það á inni, án þess þó mögulega að þurfa þess.

MHH upplýsti um að samráðsnefndarfundur verði í dag þar sem gerð verður grein fyrir stöðunni auk umræðu um kosti og galla samflotsins. MHH upplýsti jafnframt að FÍN hefur hafið viðræður við sína viðsemjendur um þau mál sem ekki eru inni á stóra borði samflotsins.

Ekki var fleira gert og fundi slitið kl. 12:59.